





Hluti gildandi deiliskipulags Hördúvalla - Tröllakórs samp. 14.08.2004



Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Hördúvalla - Tröllakórs

Greinargerð vegna deiliskipulagsbreytingar

Gerð er breyting á afmörkun deiliskipulagsins til að koma fyrir skólagörðum og garðlöndum fyrir hverfið. Núverandi stígar sýndir en þeir eru 3m á breidd. Hægt er að nota þá til að þjónusta garðlöndin og skólagarðana. Skipulagssvæðið stækkar úr 6,85 ha í tæpa 7,7 ha. Samhliða breytast skipulagsmörk deiliskipulags Kjóavalla. Ljóst er að skipulagsmörk þessara tveggja skipulaga skarast áfram austan við þessa breytingu og verður tekið á því í áframhaldandi endurskoðun á deiliskipulaginu. Ákvæði um vatnsvernd eru ekki lengur í gildi á þessu svæði.

Svæðið fyrir skólagarðana og garðlöndin nær yfir rúmlega 0,4 ha. Gert er ráð fyrir að heimilt verði að setja upp lítið, færanlegt aðstöðuhús innan svæðisins, sem þjónar báðum svæðum, staðsetning og stefna húsnú á uppdrætti er ekki bindandi. Hámarks stærð aðstöðuhúss er 30 m², undir því þarf að vera malarsvæði. Heimilt er að tengja húsið við veitukerfi, svo sem rafmagn, vatn og fráveitu. Þjónustuaðkoma að aðstöðuhúsinu er um stígana.

Skólagarðarnir og garðlöndin verða innan núverandi opins svæðis OP-5.10


Tröllakórssvæði. Í aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 er eftirfarandi lýsing á OP-5.10 *Opíð svæði sem umlykur Tröllakór og liggur norðan megin við Kjóavelli og vestan megin við Kórinn og aðliggjandi íþróttasvæði. Stærð: 4,02 ha.* Í aðalskipulaginu kemur einnig fram í almenntri umfjöllun um opin svæði að ein af leiðunum til að uppfylla markmið um opin svæði er að: *Hvatt verði til ræktunar matjurta og aðstaða til þess aukin eftir þörfum.*

Að öðru leyti er vísað í gildandi greinargerð deiliskipulagsins dagsett 2.04.2004.


Afmörkun deiliskipulags Kjóavalla, dags 08.07.2008 breytist til samræmis við þessa breytingu. Stærð þess fer úr 78,6 ha í 77,3 ha.

Skýringar

- Afmörkun breytingarsvæðis
- Gildandi skipulagsmörk fyrir Tröllakór
- Ný skipulagsmörk Tröllakórs
- Ný skipulagsmörk fyrir Kjóavelli
- Skólagarðar/Garðlönd
- Aðstöðuhús, áætluð staðsetning
- Núverandi stígar
- Nýr og núverandi gróður
- Uppfærð sveitarfélagsmörk



Hluti gildandi aðalskipulags Kópavogs 2019-2040



Núverandi staða svæðisins á loftmynd frá 2020, Loftmyndir ehf.

Hördúvellir - Tröllakór

Kópavogur

Deiliskipulagsbreyting - tillaga

KVARDI-A4:	1:2000	TEIKN NR:	
DAGS:	13.01.2022	HANNAD:	FK
FLOKKUR:	1000-A	TEIKNAD:	FK/HN
SKRÁ:	21247-dskbr.dwg	VERKNR:	21247

